

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað Neskaupstaður



Dags eftirlits	10.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan hf. Neskaupstað	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hafþór Eiríksson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Sindri Karl Sigurðsson	Staðsetning	748727,903 526902,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik, varðandi frágang olíubirgða, olíuúrgangs, eiturefna og hættulegra efna, var opið þegar eftirlitið fór fram.

Þrjú ný frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda hefur ekki verið endurskoðuð í samræmi við kröfur í starfsleyfi. 2) Ársyfirliti var ekki skilað, hvorki fyrir árið 2021 né 2022. 3) Árið 2022 mældust TVN-gildi í hráefni sem unnið var í verksmiðjunni, fjórum sinnum yfir 100 mg N/100 g. Fimm ábendingar voru gerðar í eftirlitinu: 1) Öryggisblöð eru aðgengileg í verksmiðjunni en rekstraraðila er bent á að hafa þau aðgengileg þar sem efni eru geymd og notuð. 2) Geyma skal efni í lekabyttum og huga að árekstravörnum þar sem hætta er á að ílát verði fyrir hnjaski 3) Rekstraraðila er bent á að láta annars vegar upplýsingar um rennsli í þeim frárennslisstraumum sem mældir eru og hins vegar rannsóknaniðurstöður, fylgja niðurstöðum frárennslismælinga. 4) Skila skal til Umhverfisstofnunar reiknuðum lokahraða á útblásturslofti um skorsteinsop. 5) Sem fyrst skal mæla hávaða frá verksmiðjunni, skv. kröfum starfsleyfis.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Hafþór Eiríksson rekstrarstjóri og Sindri Karl Sigurðsson gæðastjóri voru fulltrúar rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Starfsleyfi fiskimjölverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, heimilar að framleitt sé fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskafurðum. Heimilt er að framleiða úr allt að 2.380 tonnum af hráefni á sólarhring. Einnig er heimilt að reka litla tilraunavinnslu eingöngu vegna rannsóknaverkefna, sem tengd er sömu mengunavörnum og önnur vinnsla rekstraraðila, með afkastagetu undir 10 tonnum/sólarhring.

Vinnsla á kolmunna var í gangi þegar eftirlitið fór fram.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á fitu, svifefnum og COD)
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST
7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
8. Önnur mál
9. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Unnið er að endurbótum á verksmiðjunni. Frárennslislagnir utandyra hafa verið endurnýjaðar og

verið er að skipta um vélar verksmiðjunnar að hluta. Endurnýja á efnageymslu verksmiðjunnar og er áætlað að framkvæmdum ljúki síðar á árinu. Frávik varðandi geymslu á olíu og eiturefnum helst því opið.

Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda hefur ekki verið endurskoðuð, og er það frávik frá starfsleyfi, sem gerir kröfu um að áætlunin sé endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti.

Trygging vegna bráðamengunar er í gildi og er staðfest að hver deild og starfstöð Síldarvinnslunnar er með sérstaka tryggingu.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á fitu, svifefnum og COD)

TVN-mælingum hefur verið skilað eins og tilgreint er í starfsleyfi. TVN-gildi mældust, árið 2022, fjórum sinnum yfir 100 en skv. starfsleyfi skulu TVN-gildi ekki fara upp fyrir 100 mg N/100 g.

Grænu bókhaldi var skilað á tilskildum tíma en ársyfirliti hefur ekki verið skilað, hvorki fyrir árið 2021 né 2022 og er það frávik frá starfsleyfi.

Niðurstöðum frárennismælinga sem voru gerðar annars vegar í desember 2021 og hins vegar í desember 2022 var skilað eins og tilgreint er í starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að láta hvort tveggja, upplýsingar um rennsli í þeim straumum sem mældir eru og rannóknaniðurstöður, fylgja niðurstöðunum. Eldra frávik vegna fitu í frárennsli helst opið þar sem ekki er hægt að staðfesta að niðurstöður mælinga árána 2021 og 2022 uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi.

Árið 2022 var mæling gerð á ryki í útblæstri verksmiðjunnar. Magn ryks var innan þeirra marka sem tilgreind eru í starfsleyfi. Samkvæmt skýrslunni stenst mældur útblásturshraðinn hins vegar ekki þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi og er rekstraraðila bent á að skila inn til Umhverfisstofnaunar reiknuðum lokahraða á útblásturslofti um skorsteinsop.

Mælingar á hávaða frá verksmiðjunni hafa ekki verið gerðar. Umhverfisstofnun fer fram á að hávaðamælingar verði gerðar sem fyrst og að niðurstöður þeirra verði sendar stofnuninni þegar þær liggja fyrir.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

4. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Olíugeymar eru á lóð Síldarvinnslunnar í Neskaupstað og þar er að öllum líkindum olíumengun í jarðvegi.

5. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

6. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsóknna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

8. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila.

Framkvæmdir eru í gangi bæði innan- og utandyra, meðal annars er unnið að gerð nýrrar efnageymslu. Ýmis efni voru geymd utandyra án nokkurra árekstra- eða lekavarna og í námunda við niðurföll sem ekki eru tengd olíugildrum. Sambærilegt frávik var skráð í eftirliti árið

2021 og helst það því enn opið.

Fitugildra þar sem frárennslissýni eru tekin, var skoðuð sérstaklega.

Engar frekari athugasemdir eru gerðar við húsnæði eða lóð rekstraraðila.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.3 í starfsleyfi	Árið 2022 mældust TVN-gildi í hráefni sem unnið var í verksmiðjunni, fjórum sinnum yfir 100 mg N/100 g.
gr. 2.6 í starfsleyfi	Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda hefur ekki verið endurskoðuð í samræmi við kröfur í starfsleyfi.
gr. 4.4 og gr. 4.1 í starfsleyfi	Ársyfirliti hefur ekki verið skilað, hvorki fyrir árið 2021 né árið 2022.

ÁBENDINGAR


Fimm ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

1. Samkvæmt starfsleyfi skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð við alla efnameðferð. Öryggisblöð eru aðgegnileg í verksmiðjunni en rekstraraðila er bent á að hafa þau aðgengileg þar sem efni eru geymd og notuð.
2. Geyma skal spilli- og eiturefni í lekabyttum og huga að árekstravörnum þar sem hættu er á að ílát verði fyrir hnjaski.
3. Niðurstöðum frárennslismælinga var skilað eins og tilgreint er í starfsleyfi, hins vegar skorti á að upplýsingar um rennsli í hverjum straumi frárennslisins og rannsóknaniðurstöður fylgdu með. Rekstraraðila er bent á að láta þær upplýsingar fylgja niðurstöðum frárennslismælinga svo hægt sé að sannreyna þær.
4. Árið 2022 var gerð mæling á ryki í útblæstri verksmiðjunnar. Mældur útblásturshraði var ekki nægur skv. þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi. Upplýsingar um reiknaðan lokahraða útblástursloftsins um skorsteinsop fylgdu hins vegar ekki og er rekstraraðila því bent á að skila honum til Umhverfisstofnunar svo unnt sé að staðfesta að mælingin standist kröfur starfsleyfisins.
5. Rekstraraðila er bent á að mæla sem fyrst hávaða frá verksmiðjunni, skv. kröfum starfsleyfis.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.06.2023


Freyr Evarsson

